



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017, 1.-4. gr.

| | |
|-----------------------------------|--|
| Málshæiti og nr. | Frumvarp til laga um stefnumarkandi áætlanir á sviði húsnæðis- og skipulagsmála, samgangna og byggðamála – 153. löggjafarþing. IRN22060158 |
| Ráðuneyti /verkefnisstjóri | Innviðaráðuneytið |
| Innleiðing EES-gerðar? | <input type="checkbox"/> Já <input checked="" type="checkbox"/> Nei |
| Dags. | 29. júní 2022. |

A. Úrlausnarefni

1. Forsaga máls og tilefni

Sú stefnumörkun sem unnin er í innviðaráðuneytinu samkvæmt lögum er eftirfarandi:

- Samgönguáætlun, samkvæmt lögum um samgönguáætlun, nr. 33/2008.
- Stefnumótun á sviði húsnæðismála, samkvæmt lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998.
- Landsskipulagsstefna, samkvæmt skipulagslögum, nr. 123/2010.
- Byggðáætlun, samkvæmt lögum um byggðáætlun og sóknaráætlanir, nr. 69/2015.
- Stefnumótandi áætlun ríkisins um málefni sveitarfélaga, samkvæmt sveitarstjórnarlögum, nr. 138/2011, sbr. lög nr. 53/2018.

Þessar áætlanir varða öll meginverkefni ráðuneytisins og með þeim er lagður grunnur að mikilvægum innviðum samfélagsins. Þær tengjast mjög náið og framtíðarsýn, meginmarkmið og aðgerðir snerta gjarnan þær allar samtímis.

Lög um breytingu á ýmsum lögum til samræmingar á áætlunum á sviði samgöngu-, fjarskipta-, sveitarstjórnar- og byggðamála, nr. 53/2018, sem gildi tóku í júní 2018, fólu í sér fyrsta áfangann í aukinni samhæfingu á stefnum og áætlunum þáverandi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis. Var markmiðið að ná fram aukinni skilvirkni og samhæfingu áætlana, auk þess sem komið var á sérstakri stefnumörkun í málefnum sveitarfélaganna. Verklag við gerð áætlanna var samræmt, sem og form þeirra og tímaspönn, m.a. út frá forsendum laga um opinber fjármál. Frumvarp til laga um stefnumarkandi áætlanir á sviði samgangna, fjarskipta og byggðamála, sem fól í sér næsta áfanga í átt að aukinni samhæfingu áætlana á þessum sviðum, var lagt fram á 151. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga.

Við myndun núverandi ríkisstjórnar í kjölfar kosninga til Alþingis í september 2021 tók nýtt innviðaráðuneyti við málaflokkum samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, að fjarskiptum frátöldum. Jafnframt færðust undir ráðuneytið mannvirkja-, húsnæðis- og skipulagsmál.

Tilgangur þessara breytingar kemur fram með skýrum hætti í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar þar sem lögð er áhersla á mikilvægi aukinnar samþættingar áætlana á sviði húsnæðis-, skipulags- og samgöngumála og samhæfingu þeirra við sveitarfélögin í landinu.

2. Hvert er úrlausnarefnið?

Með því að samhæfa stefnur og áætlanir á verkefnasviði ráðuneytisins gefst kostur á að hámarka árangur og jákvæð áhrif stefnumótunarinnar enda verði tekið mið af tengdum málefnum og horft lengra en til sérstakra verkefna einstakra málaflokka. Byggt verður á skýrum áherslum með sameiginlegri framtíðarsýn, meginmarkmiðum og sameiginlegum verkefnum fyrir alla málaflokka sem ganga þurfa með samræmdum hætti í gegnum allar áætlanirnar.

Með frumvarpinu verður unnið að framgangi næsta áfanga á þeirri braut. Með því má ná meiri árangri fyrir samfélagið með aukinni samvinnu málaflokka, meira gagnsæi og hagkvæmari nýtingu fjármuna.

3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Sú framkvæmd sem taka á til endurskoðunar er bundin í lög og því þarf lagabreytingar til að ná fram markmiðum um aukna samhæfingu, hagkvæmni og einföldun kerfisins.

B. Markmið

1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflökki

Löggjafinn hefur ákveðið að marka skuli stefnu á viðkomandi sviðum, ýmist með lögum eða þingsályktunum. Þá kemur fram með skýrum hætti í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar áhersla á mikilvægi aukinnar samþættingar áætlana á sviði húsnæðis-, skipulags- og samgöngumála og samhæfingu þeirra við sveitarfélögin í landinu.

2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda

Markmiðið er að taka næsta áfanga við samhæfingu áætlana á verkefnasviði innviðaráðuneytisins. Með þeim hætti megi ná auknum árangri við framkvæmd meginverkefna ráðuneytisins og þar með jákvæðum áhrifum fyrir samfélagið.

C. Leiðir

1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?

Viðkomandi stefnumörkun færi fram á grundvelli gildandi lagaákvæða og framangreind markmið um samhæfingu áætlana nást ekki.

2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið

Nauðsynlegt er að breyta viðkomandi lögum til að ná fram markmiðum.

3. Mögulegar leiðir við lagasetningu

Við undirbúning frumvarpsins verður lagt mat á hvort rétt sé að færa ákvæði um stefnumörkun á verkefnasviði innviðaráðuneytisins í heild eða að hluta í ein lög eða hvort ákvæði þar að lútandi verði áfram í sérlögum á hverju sviði. Verði það niðurstaðan mun frumvarpið fela í sér nauðsynlegar breytingar á viðkomandi lögum (bandormur).

D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?

1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni

Breytt verður ákvæðum sérlaga um stefnumörkun á verkefnasviði innviðaráðuneytisins til að ná fram framangreindum markmiðum. Líklega verða ákvæðin sameinuð í ein lög.

2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott

Breytt verður ákvæðum laga um samgönguáætlun, laga um húsnæðismál, skipulagslaga, laga um byggðaáætlun og sóknaráætlanir og eftir atvikum sveitarstjórnarlaga.

E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar

1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga? Nei.

2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu? Nei.

3. Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til? Nei.

F. Samráð

1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar? Allir almennir hagsmunaaðilar á sviðum viðkomandi stefnumörkunar.

2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta? Horfa þarf til ákvæða laga um opinber fjármál, m.a. um tímaspönn áætlana. Að öðru leyti er ekki um beina skörun að ræða en ljóst er að aukin samhæfing stefna og áætlana innan Stjórnarráðsins hefur almenn jákvæð áhrif.

| |
|---|
| <p>3. Samráð sem þegar hefur farið fram. Opíð samráð hefur ekki farið fram um það frumvarp sem nú er í smíðum. Víðtækt samráð um samhæfingu áætlana og þau sjónarmið sem liggja þar til grundvallar fór hins vegar fram á fyrri stigum við undirbúning og meðferð þeirra lagafrumvarpa sem lögð voru fram á Alþingi á 148. og 151. löggjafarþingi.</p> <p>4. Fyrirhugað samráð Auk opins samráðs í samráðsgátt Stjórnarráðsins verður sérstakt samráð við opinbera aðila og aðra hagsmunaaðila á viðkomandi sviðum.</p> |
| <p>G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er</p> |
| <p>1. Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal Mikill samfélagslegur ávinningur af markvissri og samhæfðri áætlanagerð. Hugsanleg smávægileg áhrif á útgjöld.</p> |
| <p>H. Næstu skref, innleiðing</p> |
| <p>1. Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmíðina? Já.</p> <p>2. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar? Unnið verður eftir ítarlegri og tímasettri áætlun um áherslur og framkvæmdir þar sem tilgreindir eru árangursmælikvarðar og markmið. Stefnumótunarhópur ráðuneytisins mun vinna að innleiðingu breytinganna.</p> <p>3. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur? Samhent vinnubrögð þeirra sem koma að stefnumótun og áætlunargerði gegna lykilhlutverki, enda tengjast þessar áætlanir náið með sameiginlegum meginmarkmiðum og áherslum.</p> <p>4. Mælikvarðar á árangur og útkomu Markmið um frekari samhæfingu áætlana náist á árinu 2023. Þá verður jafnframt lagt mat á samfélagslegan ávinning af aukinni samhæfingu á þessu sviði.</p> <p>5. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur? Árangur verður metinn í lok árs 2023.</p> |
| <p>I. Annað</p> |
| <p>J. Fylgiskjöl</p> |
| <p>1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað</p> <p>2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum</p> |